

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Niðurlag 2. mgr. 7. gr. reglugerðar frá 25. jan. 1972 um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta þ. e. a. s. „Aldrei skulu þó tryggingabætur samkvæmt þessari málsgrein ákveðnar hærri en hámarksbætur vegna þeirra er á elliheimilum dvelja“ skal niður falla.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 67 27. apríl 1971 samanber lög um breyting á þeim lögum nr. 96 27. des. 1971, staðfestist hér með til þess að gilda frá 1. apríl síðastliðnum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. júní 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 208.

28. júní 1973.

AUGLÝSING

um útgáfu Lyfjaverðskrár I nr. 1 1973.

Frá og með 10. júlí 1973 tekur gildi Lyfjaverðskrá I nr. 1 1973 útgefin af Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Jafnframt er úr gildi felld Lyfjaverðskrá I frá 20. janúar 1969, ásamt viðaukum og breytingum, og Lyfjaverðskrá III, Dýralyf frá 15. október 1965 ásamt viðaukum og breytingum.

Samkvæmt þessu skulu lyfsalar, læknar og dýralæknar á Íslandi selja lyf, önnur en sérlyf, samkvæmt Lyfjaverðskrá I nr. 1 1973 frá og með 10. júlí 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júlí 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.